

**Nr. 21-048 S 033 Málmei SK 1*****Eldur í stakkageymslu***

Skipaskr.nr. 1833  
IMO 8602878  
Utgerð: Fisk-Seafood ehf.  
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1987, stál  
Stærð: 882,8 brl. 1469,7 bt.  
Mesta lengd: 56,5 m Skráð lengd: 54,4 m  
Breidd: 12,6 m Dýpt: 7,7 m  
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1987  
Fjöldi skipverja: 15



Málmei©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgangur á fundi 13. desember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 18. maí 2021 var Málmei SK 1 á siglingu á NV miðum Veður: NNA 6 m/s.

Skipið var á leið til hafnar á Sauðárkróki en um kl. 14:00 urðu skipverjar var við brunalykt og í ljós kom að eldur var í rafmagnsrofa í stakkageymslu. Eldurinn hafði náð að læsa sig í kapalrennu og tréklæðningu bak við rennuna. Skipverjum tókst að ráða niðurlögum eldsins og var skipið komið í höfn kl. 20:45.

***Við rannsókn kom fram:***

- að eldurinn átti upptök í rafmagnsrofa fyrir eina af 220 volta ljósagreinum á vinnsluþilfari;
- að rafmagnsrofinn var ekki rakapéttur og hafði verið settur upp þegar skipinu var breytt úr frystitogara yfir í ísfisktogara;
- að eftir atvikið var skipt um alla þrjá rafmagnsrofana fyrir ljósagreinar á vinnsluþilfari (*sjá mynd*) og settir rakapéttir rofar samkvæmt staðli IP65;
- að brunaviðvörðunarkerfið náði ekki að fara í gang þar sem skipverjar voru staðsettir í stakkageymslunni við þrif þegar eldurinn kom upp og náðu að slökkva hann strax.

*Myndin sýnir frágang eftir lagfæringu*

*Nefndarálit:*

Orsök eldsins var sú að raki komst í rafmagnsrofann.

Nefndin vill áréttta að stakkageymsla um borð í skipum flokkast undir votrymi og sá rafmagnsbúnaður sem þar er á að vera rakapétur eins og á vinnsluþilfari.